

Lagt fyrir fund velferðarráðs 6. desember 2023

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Flokkur fólksins leggur til að foreldrar með aðþrengdan fjárhag geti sótt um sérstakan styrk til að greiða fyrir frístundardvöl barna sinna í stað þess að nota frístundastyrkinn sem er ætlaður til íþróttá- og tómstundaiðkunar. Staðan í dag er þannig að í tilfellum 1020 barna barna er frístundakortið þeirra notað til að greiða fyrir Frístundaheimili og í tilfellum 150 barna er frístundastyrkurinn þeirra notaður til að greiða fyrir íslenskukennslu. Frístundakortið var hugsað frá upphafi sem styrkur til að auka jöfnuð og gefa börnum tækifæri til tómstunda- og íþróttaiðkunar að eigin vali óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Greinargerð

Upphaflegt markmið frístundastyrks var að auka jöfnuð í samfélaginu og efla fjölbreytileika í iðkun íþróttá-, lista- og tómstundastarfsemi. Í áranna rás hefur reglumverið breytt og er nú styrkurinn einnig einskonar gjaldmiðill, t.d. til að greiða gjald fyrir dvöl barna á frístundaheimili eða tungumálanám barna af erlendum uppruna. Sé styrkurinn nýttur í ofangreint nýtist hann ekki börnunum til að velja sér íþróttá-, listaeða tómstundaiðkun að eigin vali. Breyta þarf reglum styrksins aftur til upprunans til að hann megi þjóna sínu hlutverki fyrir öll börn óháð efnahag foreldra þeirra. Til að hjálpa efnaminni foreldrum að greiða þá nauðsynlegu þjónustu fyrir börn sín ættu að vera aðrar leiðir í boði eins og að sækja um sérstaka styrki fyrir þau. Barn á ekki að þurfa að líða fyrir fátækt foreldra sinna. Það á bæði að geta verið á frístundaheimili, sótt tungumálaskóla og á sama tíma nýtt frístundastyrk sinn til að stunda íþróttir, listnám eða tómstundir að eigin vali.